



## **AKUREYRARBÆR - HRÍSEY HAFNAR- OG MIÐSVÆÐI HÚSAKÖNNUN**



Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar.

**20.02.2017**

**UNNIÐ FYRIR AKUREYRARBÆ**



1. útgáfa 20.02.2017

Unnið að beiðni Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar 2016.

Textagerð: Landslag og Katrín Gunnarsdóttir fornleifafræðingur MA.

Nýjar ljósmyndir: Landslag.

Kort og loftmyndir ásamt skýringartexta: Landslag.

Mynd á forsíðu: Landslag.

Afritun einstakra hluta skýrslunnar er leyfileg sé getið heimildar. Afritun heilla kafla eða skýrslunnar í heild með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan hátt er einungis heimil að fengnu skriflegu leyfi Skipulagsdeildar Akureyrarbæjar.

© Akureyrarbær 2017

Öll réttindi áskilin

1	Inngangur .....	3
1.1	Afmörkun athugunarsvæðisins og stærð .....	4
1.2	Aðferðafræði .....	5
2	Húsakönnun .....	6
2.1	Staðhættir .....	6
2.2	Byggðapróun .....	6
2.3	Húsagerðir og byggingarstílar .....	6
2.4	Upprunaleiki .....	6
2.5	Hönnuðir .....	6
3	Varðveislumat- mat á varðveislugildi .....	7
4	Niðurstaða varðveislumats .....	9
4.1	Friðlýst hús, friðuð hús og hús sem eru umsagnarskyld .....	9
4.2	Tillaga að friðlýsingu húsa .....	9
4.3	Tillögur um hverfisvernd í deiliskipulagi .....	9
4.4	Skilmálar í deiliskipulagi og almenn tilmæli í varðveislu .....	9
5	Húsaskrá .....	10
6	Heimildaskrá: .....	45

## 1 Inngangur

Húsakönnun fyrir hafnar- og miðsvæði í Hrísey er unnin að beiðni skipulagsdeildar Akureyrarbæjar samhliða vinnu við deiliskipulag fyrir sama svæði skv. 5. mgr. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, þar segir m.a.:

*„Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar...“*

Tilgangur húsakönnunnar er að tryggja að ákvarðanir sem varða breytingu á byggð eða einstökum húsum séu teknar með þekkingu á því gildi sem þau hafa fyrir umhverfi sitt, sögu og byggingarlist.

Húsakönnunin er unnin í samvinnu í deiliskipulagshöfunda á teiknistofunni Landslag ehf; Ómar Ívarsson og Ingvar Ívarsson. Landslag sá um ákveðna grunnskráningu upplýsinga, ljósmyndun, uppsetningu og kortagerð. Katrín Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur MA sá um varðveislumat húsanna.

Landslag sá um heimildavinnu, úrvinnslu þeirra, greiningu, val á ljósmyndum og skrifaði texta. Katrín Gunnarsdóttir fornleifafraeðingur MA sá og varðveislumat á húsunum og skrifaði texta sem það varðaði.

### 1.1 Afmörkun athugunarsvæðisins og stærð

Mörk þess svæðis sem húsakönnun nær til eru þau sömu og mörk deiliskipulags hafnar- og miðsvæðis Hríseyjar þ.e. afmarkast af Norðurvegi og Austurvegi til norðausturs, af lóðarmörkum Austurvegar 6 (Sæborg) og Austurvegar 8 (Kelahús) til austurs, af strandlengjunni og höfninni til suðurs og af lóðarmörkum Norðurvegar 28 (Selaklöpp) til norðvesturs.

Stærð svæðisins er um 7,0 ha að flatarmáli.

Húsakönnunin nær til allra húsa innan skipulagssvæðisins en fyrst og fremst er horft til íbúðarhúsa. Óhjákvæmilegt er að skoða byggðina á svæðinu í heild þar sem gildi einstakra húsa verður einnig alltaf að veða og meta með tilliti til framlags þeirra til varðveislu heildarinnar s.s. götumynda.



Mynd 1. Afmörkun deiliskipulags hafnar- og miðsvæðis í Hrísey og þess svæðis sem húsakönnunin nær til.

## 1.2 **Aðferðafræði**

Húsakönnunum er ætlað að skrá og leggja mat á varðveislugildi byggðarinnar og jafnframt að leggja mat á varðveislugildi einstakra húsa á svæði sem verið er að vinna deiliskipulag á eða til stendur að vinna deiliskipulag á. Niðurstöðurnar eru notaðar til að marka stefnu um vernd eða friðun og til að móta bæjarumhverfi í framtíðinni.

Mat á varðveislugildi byggist á heimildum sem eru til um húsin, frumheimildum eins og teikningum, fasteignamatsupplýsingum, brunavirðingum og fleiri slíkum heimildum auk eftirheimilda af ýmsu tagi og munnlegum heimildum eins og upplýsingum frá húseigendum/íbúum. Í mati á varðveislugildi er jafnframt litið til samanburðar og húsin sett í samhengi við staðbundnar byggingahefðir á Akureyri eða á landsvísu. Húsin eru skoðuð í vettvangsferðum og ljósmynduð.

Húsakönnunin tekur fyrst og fremst til mats á íbúðarhúsum en ekki til skúra eða bakhúsa.

Vert að taka fram að mat á varðveislugildi tekur einvörðungu á ytra útliti húsa en ekki innra skipulagi né breytingum á því. Breytingar ytra útliti á húsum geta því haft áhrif á mat á varðveislugildi. Einnig er vert að benda á að sökum umfangs er ekki lagt upp með að skrá sögu húsanna né eigendasögu þeirra nema fyrstu eigenda er oftast getið. Mat á varðveislugildi segir ekki til um verðgildi húsa né notagildi.

Í þessari húsakönnun er beitt aðferðafræði sem kennd hefur verið við SAVE aðferðafræðina (e. Survey of Architectural Values in the Environment) sem upphaflega er dönsk aðferð við mat á varðveislu byggðar en hefur verið staðfærð að íslenskum aðstæðum og verið beitt hér á landi um nokkurn tíma.

Aðferðafræðin eða varðveislumatið byggir á því að meta tiltekna þætti á hverju húsi fyrir sig og þar með verður matið markvissara og samræmdara. Hvert hús er metið samkvæmt eftirtöldum þáttum og er matið miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið er framkvæmt. Matsþættirnir eru 5 talsins: Byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunaleg gerð og tæknilegt ástand.

Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun. Sjá nánar 3. kafla; Varðveislumat- mat á varðveislugildi.

**Vert er að taka fram að mat á varðveislugildi húsa eða byggðar verður aldrei endanlegt hlutlægt mat hafið yfir alla gagnrýni eða vafa. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats og breytt varðveislugildi þess til hækkunar eða lækkunar samkvæmt því.**

## 2 Húsakönnun

### 2.1 *Staðhættir*

Hafnarsvæðið er ríflega 2 ha að stærð og auk hafnarinnar sjálfrar er þar hafnsækin starfsemi af ýmsum toga auk annarrar atvinnustarfsemi. Svæðið við höfnina er aðal aðkomusvæði Hríseyjar, þar sem gestir eyjarinnar koma fyrst að þegar komið er úr ferjunni. Ofan hafnarinnar er útivistarsvæði sem m.a. notað er þegar samkomur eru haldnar í Hrísey. Tjaldsvæði eyjarinnar er staðsett við ströndina austast á skipulagssvæðinu, í nánd við samkomuhúsið Sæborg.

Þá er innan skipulagssvæðisins nokkuð af íbúðarhúsum, jarðgerðarstöð, spennistöð, veitingastaður, gallerí, slökkvistöð o.fl.

### 2.2 *Byggðapróun*

Sjálfst hafnarsvæðið tilheyrir útgerðarsögu Hríseyjar og er þar með meðal elstu hluta byggðarinnar. Þéttbýliskjarni fór að byggjast upp syðst á eyjunni snemma á 20. öldinni og fjölgaði íbúum nokkuð hratt vegna aukinnar útgerðar við Eyjafjörð. Árið 1945 náði fólksfjöldinn í Hrísey hámarki en þá bjuggu þar um 350 íbúar. Uppúr því fór íbúum að fækka vegna minni umsvifa í útgerð og sveiflaðist íbúafjöldinn fram til ársins 2000 á milli 200-300 íbúa. Í ársbyrjun 2010 bjuggu 186 íbúar í Hrísey en í ársbyrjun 2016 var íbúafjöldinn kominn niður í 154. Kynjaskipting hefur verið nokkuð jöfn í gegnum tíðina og er svo enn. Einkenni byggðar í Hrísey er tiltölulega þétt og lágreist einbýlishúsabyggð. Meðalþéttleiki byggðar er um 8-10 íbúðir pr. ha en byggð íbúðarsvæði eru um 8,5 ha. Hrísey varð sjálfstæður hreppur árið 1931 en árið 2004 sameinuðust sveitarfélögin Akureyri og Hrísey.

### 2.3 *Húsagerðir og byggingarstílar*

Flest húsin á svæðinu eru skemmubyggingar, en nokkur íbúðarhús meðfram Austurvegi eru af blandaðri gerð. Þrjú hús eru eldri en 100 ára, og byggingarstíll þeirra einkennandi fyrir húsagerðir upp úr aldamótunnum 1900. Yngri hús eru af mismunandi gerðum og erfitt að heimfæra stíl á þau. Viðbygging við frystihúsið getur talist til nýfunktionalisma.

### 2.4 *Upprunaleiki*

Nokkur hús eru af upprunalegri gerð, en erfitt er að segja til um uppruna flestra húsanna.

### 2.5 *Hönnuðir*

Þrjár hönnuðir eru tilgreindir sem hönnuðir húsa innan skipulagssvæðisins; Benedikt Björnsson arkitekt, Haukur Haraldsson tæknifræðingur og Teiknistofa KEA.

### 3 Varðveislumat- mat á varðveislugildi

Megintilgangur húsakannana er að leggja mat á varðveislugildi byggðarinnar og jafnframt að leggja mat á varðveislugildi einstakra húsa á svæði sem verið er að vinna deiliskipulag á eða til stendur að vinna deiliskipulag á. Vert að taka fram að mat á varðveislugildi tekur á ytra útliti húsa en ekki innra skipulagi né breytingum á því.

Í þessari húsakönnun er beitt aðferðafræði sem kennd hefur verið við SAVE aðferðafræðina sem upphaflega er dönsk aðferð við mat á varðveislu byggðar en hefur verið staðfærð að íslenskum aðstæðum og verið beitt hér á landi um nokkurn tíma.<sup>1</sup>

Aðferðafræðin eða varðveislumatið byggir á því að meta tiltekna þætti á hverju húsi fyrir sig og þar með verður matið markvissara og samræmdara. Hvert hús er metið samkvæmt eftirtöldum þáttum og er matið miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið er framkvæmt:

- Byggingarlistarlegt gildi
- Menningarsögulegt gildi
- Umhverfisgildi
- Upprunaleg gerð
- Tæknilegt ástand

Niðurstaða úr þessum matsþáttum er varðveislugildið og á því byggjast tillögur um varðveislu og verndun.

Byggingarlist er mat á hlutföllum, samsvörun í útliti og úrvinnslu einstakra byggingarhluta ásamt því að skoða samspil forms, efnismeðferðar og notagildis. Reynt er að meta hvort húsið sé í eðli sínu og staðsetningu gott, miðlungi gott eða óheppilegt dæmi um þá byggingargerð sem húsið flokkast í og hvort um er að ræða gott höfundarverk ef um slíkt ræðir. Matið er miðað við útlit hússins eins og það er þegar matið fer fram og þá lagt mat á þær breytingar sem gerðar hafa verið á húsinu í gegnum tíðina. Gildi hússins er metið í samanburði við staðbundna byggingarhefð og metið hvort fá dæmi séu um hús af þessari gerð. Einnig er metið hvort um er að ræða tæknilegar nýjungar eða efnisval miðað við byggingartíma hússins. Að lokum er byggingarstíll hússins tilgreindur og sérkenni hans dregin fram.

Menningarsögulegt gildi byggir á því hvort sögufrægir atburðir og/eða persónur tengjast húsinu eða að það standi á sögufrægum stað. Einnig hvort húsið sé til vitnis um þróun byggðar t.d. hvort það sé nánast eina byggingin á svæði sem áður var nokkur byggð á og það sé vitnisburður um starfsemi og líf sem áður var. Einnig er metið hvort húsið hafi gegnt sérstæðri upphaflegri notkun t.d. vegna atvinnuhátta sem nú eru aflagðir.

---

<sup>1</sup> Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana, með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðafræðinni; Rvík 1996.

Sjá einnig Skráningareyðublað og leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana útgefið af Húsafriðunarnefnd 6. október 2009.



Umhverfisgildi er metið út frá mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi hús, götummynd eða hverfi og færð rök fyrir mikilvægi þess í umhverfi sínu. Jafnframt er lagt mat á hvort staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu eða ekki.

Upprunaleg gerð hússins er metin út frá því hvernig upprunaleg gerð þess hefur varðveist í gegnum árin og reynt að leggja mat á hvernig til hefur tekist með viðgerðir, viðbyggingar eða breytingar á húsinu og hvort þær styrki eða veiki mikilvæga byggingarluta hússins eða húsið í heild.

Tæknilegt ástand er eingöngu sjónrænt mat á ytra byrði hússins þ.e.a.s. hvort því sé vel við haldið og ekki sýnilegar skemmdir eða vanhirða.

Varðveislugildi hússins er síðan metið út frá þessum þáttum en hafa ber í huga að mat á byggingarlist, menningarsögu og umhverfis vega þyngst. Tæknilegt ástand hefur að jafnaði ekki áhrif á varðveislugildi hússins.

Niðurstaða varðveislumatsins er síðan tölulegt gildi sem raðar húsinu í tiltekna varðveisluflokka sem eru þrír:

Hús sem fá tölulegu gildin 1-3 falla í flokkinn: **Hús með lágt varðveislugildi**

Hús með fá tölulegu gildin 4-6 falla í flokkinn: **Hús með miðlungs varðveislugildi**

Hús sem fá tölulegu gildin 7-9 falla í flokkinn: **Hús með hátt varðveislugildi**

Mat á varðveislugildi byggist á heimildum sem eru til um húsinn, frumheimildum eins og teikningum, fasteignamatupplýsingum, brunavirðingum og fleiri slíkum heimildum auk eftirheimilda af ýmsu tagi. Auk þess eru þau borin saman við önnur hús og sett í samhengi við staðbundnar byggingahefðir á Akureyri. Húsin eru skoðuð í vettvangsferðum og ljósmynduð.

Vert er að taka fram að mat á varðveislugildi húsa verður aldrei endanlegt hlutlægt mat hafið yfir alla gagnrýni. Nýjar upplýsingar eða breytingar á húsi geta leitt til endurmats og breytt varðveislugildi þess til hækkunar eða lækkunar.

Undanfarin ár hefur áherslan í verndun byggðar ekki eingöngu verið á varðveislu einstakra húsa heldur líka á varðveisluverðar heildir þ.e.a.s. húsaraðir, húsabyrpingar eða götummyndir sem teljast hafa varðveislugildi. Þannig getur hús sem hefur jafnvel lágt varðveislugildi eitt og sér fengið hátt varðveislugildi sem hluti af húsaröð eða götummynd.

Í þessu varðveislumati er varðveisluverðum húsaröðum, samstæðum eða þyrpingum er skipt upp í þrjá flokka:

Í fyrsta flokk falla húsaraðir, þyrpingar, götummyndir eða heild sem þykir einstök og hefur hátt varðveislugildi og ætti að njóta verndar, annað hvort með Minjalögum eða með hverfisvernd.

Í annan flokk falla húsaraðir, þyrpingar, götummyndir eða heild sem hefur miðlungs varðveislugildi en ætti að njóta hverfisverndar.

Í þriðja flokki er athyglisverð húsaröð, húsasamstæður eða heild sem bent er á meira til upplýsingar og fræðslu fremur en sem tillaga til beinnar verndunar með hverfisvernd.

## **4 Niðurstaða varðveislumats**

### **4.1 Friðlýst hús, friðuð hús og hús sem eru umsagnarskyld**

Engin hús á skipulagssvæðinu eru friðlýst, en þrjú hús eru eldri en 100 ára og friðuð, sem þýðir að leita þarf samþykkis Minjastofnunar vegna breytinga eða niðurrifs skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

### **4.2 Tillaga að friðlýsingu húsa**

Ekki eru gerðar neinar tillögur um friðlýsingu húsa á skipulagssvæðinu.

### **4.3 Tillögur um hverfisvernd í deiliskipulagi**

Ekki eru gerðar neinar tillögur um hverfisvernd húsa, húsaraða eða húsabyrpinga á skipulagssvæðinu.

### **4.4 Skilmálar í deiliskipulagi og almenn tilmæli í varðveislu**

Athugandi er að setja í skilmála að halda skuli yfirbragði húsaraðarinnar Ægisgata 7 - 15 (verbúðir).

## 5 Húsaskrá



### Austurvegur 6 (Sæborg)

<i>Byggingarár:</i>	1910	<i>Hönnuður:</i>	
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrshúðað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris (bíslag)
<i>Notkun:</i>	Samkomustaður	<i>Stærð:</i>	272,1 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er steinsteypt hús með risi, byggt árið 1910. Kvistir eru úr timbri. Bíslag á vesturhlið húss með einhalla þaki.

#### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Lágt, skemmubygging.  
*Menningarsögulegt gildi:* Í meðallagi. Húsið er minnisvarði um atvinnuhætti fyrri tíma. Húsið er byggt fyrir 1925, þannig að umsagnar Minjastofnunar er krafist ef rífa á húsið eða breyta.  
*Umhverfisgildi:* Lágt.  
*Upprunaleg gerð:* Húsið er nánast óbreytt að ytra útliti frá upprunalegri gerð.  
*Tæknilegt ástand:* Sæmilegt.  
*Varðveislugildi:* 4.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er í meðallagi, en þar sem það er eldra en 100 ára er það friðað og þarf að leita samþykkis Minjastofnunar vegna breytinga eða niðurrifs skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



## Norðurvegur 2

<i>Byggingarár:</i>	1910	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Járnlæðning (steinblikk)
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	2 hæðir
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	73,4 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er tvílyft steinsteypt hús, byggt árið 1910. Húsið er svo til óbreytt að ytra útliti frá upprunalegri gerð.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Í meðallagi. Hlutföll hússins eru góð sömuleiðis gluggasetning, og klæðningin var algeng á byggingartíma þess norðanlands.

*Menningarsögulegt gildi:* Í meðallagi. Klæðning hússins hefur byggingarsögulegt gildi, og húsið er eldra en 100 ára.

*Umhverfisgildi:* Hátt, þar sem húsið sómir sér vel í umhverfi sínu.

*Upprunaleg gerð:* Húsið er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð.

*Tæknilegt ástand:* Gott.

*Varðveislugildi:* 7.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er hátt. Húsið hefur byggingarsögulegt gildi, umhverfisgildi, er nánast óbreytt frá upprunalegri gerð og í góðu ástandi. Þar sem það er eldra en 100 ára er það friðað og leita þarf samþykkis Minjastofnunar vegna breytinga eða niðurrifs skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.



## Norðurvegur 4

<i>Byggingarár:</i>	1935	<i>Hönnuður:</i>	(Jón Guðmundsson)
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	187,4 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara. Eldra hús á grunninum var byggt árið 1930 af Einari Jóhannssyni og sonum hans. Húsið eyðilagðist í jarðskjálftanum 1934 það var rífið alveg niður og var viðurinn úr húsinu notaður í byggingu annarra húsa í eygni. Einar endurbyggði húsið á grunninum árið 1935.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt. Húsið er einfalt, samræmi lítið í hlutföllum og gluggasetningu. Götuhliðin er þó mun betri en garðhliðin sem sést á myndinni.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Í meðallagi.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Nei.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Norðurvegur 6-8

<i>Byggingarár:</i>	1967	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Ekki í notkun	<i>Stærð:</i>	238,8 m <sup>2</sup>

*Byggingasaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1967. Húsið er svo til óbreytt frá upprunalegri gerð.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Lágt. Gluggasetning er ekki í góðu samræmi við hlutföll hússins.

*Menningarsögulegt gildi:* Í meðallagi. Þar var símstöð/póstur, síðar banki.

*Umhverfisgildi:* Í meðallagi.

*Upprunaleg gerð:* Húsið er upprunalegt að ytra útliti.

*Tæknilegt ástand:* Gott.

*Varðveislugildi:* 3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Norðurvegur 10 (Sólbakki)

<i>Byggingarár:</i>	1935	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	176,0 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1935. Húsið var stækkað um nær helming árið 1973.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Í meðallagi. Hlutföll nokkuð góð að undanskilinni forstofu. Gott samræmi í gluggasetningu.

*Menningarsögulegt gildi:* Í meðallagi. Á fyrstu árunum var skóvinnustofa í kjallara hússins í smátíma var þar bakarí, síðan verslun og pöntunarfélag.

*Umhverfisgildi:* Í meðallagi.

*Upprunaleg gerð:* Nei.

*Tæknilegt ástand:* Gott.

*Varðveislugildi:* 4.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er í meðallagi.



## Norðurvegur 20 (Helluland)

<i>Byggingarár:</i>	1935	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	92,4 m <sup>2</sup>

*Byggingasaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara, byggt árið 1935. Helluland var staðsett hjá Selaklöpp og flutt á núverandi stað (Heimild LMÁ).

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Í meðallagi. Hlutföll nokkuð góð og gluggasetning í lagi.  
*Menningarsögulegt gildi:* Þar var rekinn veitingastaður um 1980 og síðan leikskóli í nokkur ár. (Heimild LMÁ)  
*Umhverfisgildi:* Í meðallagi. Húsið fellur nokkuð vel að umhverfinu.  
*Upprunaleg gerð:* Líklega.  
*Tæknilegt ástand:* Gott.  
*Varðveislugildi:* 4.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er í meðallagi.





## Norðurvegur 28 (Selaklöpp)

<i>Byggingarár:</i>	1905	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn/timbur
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, kjallari, ris
<i>Notkun:</i>	Íbúðarhús	<i>Stærð:</i>	276,2 m <sup>2</sup>

*Byggingasaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með kjallara og risi, byggt árið 1905.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Í meðallagi. Formið í góðu samræmi nema forstofa. Gluggasetning í lagi.

*Menningarsögulegt gildi:* Í meðallagi. Selaklöpp er staðsett við klappir þar sem líklegt er að mikið hafi verið um sel. (Heimild LMÁ)

*Umhverfisgildi:* Í meðallagi. Húsið fellur sæmilega vel að umhverfinu.

*Upprunaleg gerð:* Ólíklegt. Virðist hafa verið byggt við húsið og gluggum skipt út.

*Tæknilegt ástand:* Gott.

*Varðveislugildi:* 6.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er í meðallagi, en þar sem það er eldra en 100 ára er það friðað og leita þarf samþykkis Minjastofnunar vegna breytinga eða niðurrifs skv. 29. gr. Laga um menningarminjar nr. 80/2012.



## Hafnargata - rafstöð

<i>Byggingarár:</i>	1955	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrhúðað
<i>Þakgerð:</i>	Bogaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Þakpappi
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1, hæð
<i>Notkun:</i>	Rafstöð	<i>Stærð:</i>	22,7 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús, byggt árið 1955. Í húsinu er vararafstöð eyjarinnar.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	2.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Hafnargata - spennistöð

<i>Byggingarár:</i>	1955	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypur	<i>Útlit:</i>	1, hæð
<i>Notkun:</i>	Spennistöð	<i>Stærð:</i>	57,9 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteyppt hús, byggt árið 1955. Bís lag með einhalla þaki er aftan á húsinu til suðurs.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Hafnargata - brunastöð (moltugerð)

<i>Byggingarár:</i>	1945	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Valmaþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Óljóst	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Moltugerð	<i>Stærð:</i>	41,7 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft timburhús, byggt árið 1945.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Nei, notkun hefur verið breytt.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Sæmilegt.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Hafnargata - verbúð

<i>Byggingarár:</i>	1965	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Timbur
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Óljóst	<i>Útlit:</i>	1, hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	308,1 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft timburhús með risi, byggt árið 1965. Nokkur bíslög við hús með einhalla þaki.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Ólíklegt.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	1.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Eyrúnarskúr - hrífugerð

<i>Byggingarár:</i>	1957	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn, timbur
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Hrífugerð og framleiðsla	<i>Stærð:</i>	167,4 m <sup>2</sup>

*Byggingasaga:* Húsið er einlyft timburhús með risi, byggt árið 1957. Bíslag norðaustan við hús með einhalla þaki.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt. Eyrúnarskúrin var saltfiskverkun og sumir telja að hún hafi verið flutt frá svipuðum stað og Selaklöpp stendur núna en þar var víst húsaþyrping og stóð Helluland þar einnig. Eyrúnar skúrin var svo lengi verbúð en í dag er þar rekið fyrirtækið Hrísið sem var stofnað í kringum amboðaframleiðslu árið 2004.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Ólíklegt.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Sjávargata - geymsla

<i>Byggingarár:</i>	1982	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Krossviður
<i>Þakgerð:</i>	Einhalla þak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárújárn
<i>Undirstöður:</i>	Óljóst	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	38,4 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft timburhús, byggt árið 1982.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Líklega.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Sæmilegt.
<i>Varðveislugildi:</i>	1.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Gamalt fjárhús við Sjávangötu

<i>Byggingarár:</i>	Ekki vitað.	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn og járnklæðning
<i>Pakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Pakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Óljóst	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft timburhús.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Í meðallagi, minnismerki um fyrri búskaparhætti.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Ekki vitað
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Lélegt.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.





## Sjávargata 6

<i>Byggingarár:</i>	1957	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Bogaþak (Braggi)	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Óljóst	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	150,2 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er braggi sem byggður var árið 1957.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:*

Lágt.

*Menningarsögulegt gildi:*

Lágt. Þar var skipasmíðastöð og var verið að byggja nýja ferju um 1950 þegar hann brann og allt ónýtt. Hann hefur þá sennilega verið endurbyggður svona eins og hann er í dag.

*Umhverfisgildi:*

Lágt.

*Upprunaleg gerð:*

Líklega.

*Tæknilegt ástand:*

Sæmilegt.

*Varðveislugildi:*

1.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Sjávargata 4

<i>Byggingarár:</i>	1981/1987	<i>Hönnuður:</i>	Haukur Haraldsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Stálgrind	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, einhalla	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð, turn
<i>Notkun:</i>	Ekki í notkun	<i>Stærð:</i>	586,9 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er stálgrindarhúsa sem byggt var árið 1981 en byggt var við húsið árið 1987.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt. Áður var fiskvinnslan Borg með starfsemi í húsinu en nú er engin starfsemi í húsinu og húsið aðeins nýtt sem geymsla.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Nei.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	2.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Sjávargata 4 (bakhús)

<i>Byggingarár:</i>	1985	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Ekki í notkun	<i>Stærð:</i>	586,9 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús sem byggt var árið 1985.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Lágt.

*Menningarsögulegt gildi:* Lágt. Áður var fiskvinnslan Borg með starfsemi í húsinu en nú er engin starfsemi í húsinu og húsið aðeins nýtt sem geymsla.

*Umhverfisgildi:* Lágt.

*Upprunaleg gerð:* Líklega.

*Tæknilegt ástand:* Gott.

*Varðveislugildi:* 1.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Sjavargata 2

<i>Byggingarár:</i>	1988	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð (ris)
<i>Notkun:</i>	Veitingahús/trésmíðaverkst.	<i>Stærð:</i>	263,9 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með risi sem byggt var árið 1988.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt. Í austurhluta hússins er rekinn veitingastaður en í vesturhluta hússins er trésmíðaverkstæði.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	2.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Sjávargata 2 (bakhús)

<i>Byggingarár:</i>	1988	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa, timbur	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað, bárujárn, krossviður
<i>Pakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Pakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	197,3 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús sem að hluta til er úr timbri, byggt árið 1988.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt. Í húsinu er trésmíðaverkstæði.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Líklega.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Sæmilegt.
<i>Varðveislugildi:</i>	2.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Sjávargata – (saltgeymsla)

<i>Byggingarár:</i>	1944	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Timbur
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	75,6 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft timburhús sem byggt var árið 1944. Húsið hefur nýlega verið gert upp á fallegan hátt.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Í meðallagi.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Í meðallagi, minnismerki um fyrri atvinnuhætti.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Sennilega ekki.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	4.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er í meðallagi.



## Sjávargata – fiskvinnsluhús (norðurhluti)

<i>Byggingarár:</i>	1981	<i>Hönnuður:</i>	Teiknistofa KEA
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa/stálgrind	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað/bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	Tvær hæðir
<i>Notkun:</i>	Fiskvinnsluhús	<i>Stærð:</i>	763,4 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er tvílyft stálgrindarhús hús sem að hluta til er úr steinsteypu, byggt árið 1981. Húsið getur talist til nýfunktionalisma.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Gott. Hlutföll og gluggasetning í samræmi.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Gott. Sómir sér vel á hafnarbakkanum.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já, en viðbygging við eldra hús.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	4.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er í meðallagi.



### Sjávargata – fiskvinnsluhús (suðurhluti)

<i>Byggingarár:</i>	1936	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Fiskvinnsluhús	<i>Stærð:</i>	1428,9 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með risi sem byggt var árið 1936.

#### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Í meðallagi, minnismerki um atvinnuhætti fyrri tíma.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Ekki vitað.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	4.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er í meðallagi.





### Sjávargata-fiskvinnsluhús (tvær geymslur vestan aðalhúsa)

<i>Byggingarár:</i>	1950 og 2003	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur/stálgrind	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Pakgerð:</i>	Mænisþak/bogaþak	<i>Pakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Beitingahús	<i>Stærð:</i>	763,4 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Um er að ræða tvö beitingarhús, annars vegar bragga sem byggður var árið 1937 og hinsvegar einlyft hús sem byggt var árið 2003. Í bragganum var skipasmíðastöð og var verið að byggja nýja ferju um 1950 þegar bragginn brann. Bragginn var þá endurbyggður og er útlit hans svo til óbreytt frá þeim tíma (Heimild LMÁ).

#### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Nei. Síðari tíma viðbygging.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	1.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Hríseyjarbryggja, dæluhús og rafstöð

<i>Byggingarár:</i>	1989	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað
<i>Þakgerð:</i>	Flatt þak	<i>Þakklæðning:</i>	Steypt
<i>Undirstöður:</i>	Steyptar	<i>Útlit:</i>	Einlyft
<i>Notkun:</i>	dæluhús og rafstöð	<i>Stærð:</i>	17,2 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús sem byggt var árið 1989 sem dælustöð og rafstöð.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Í meðallagi, hlutföll og gluggasetning góð, en húsið ekki rismikið.

*Menningarsögulegt gildi:* Lágt.

*Umhverfisgildi:* Lágt.

*Upprunaleg gerð:* Já.

*Tæknilegt ástand:* Gott.

*Varðveislugildi:* 3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Salthúsið

<i>Byggingarár:</i>	1970	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Steinsteypa, turn út timbri	<i>Klæðning:</i>	Múrsléttað, bárujárn á turni
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð og turn
<i>Notkun:</i>	Ýmiss atvinnustarfsemi	<i>Stærð:</i>	832,7 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft steinsteypt hús með turni úr timbri og er húsið byggt árið 1970.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt. Húsið er byggt sem fiskvinnsluhús en nú er húsið leigt út fyrir ýmsa atvinnustarfsemi.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Líklega.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	2.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Hafnarsvæði – verbúð (gallerí)

<i>Byggingarár:</i>	1930	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Timbur
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Timbur	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Upplýsingamiðstöð	<i>Stærð:</i>	42,0 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er byggt sem verbúð árið 1930.

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Lágt.

*Menningarsögulegt gildi:* Í meðallagi. Gamalt hús, sem hefur öðlast nýtt líf. Húsið er byggt sem verbúð, en í húsinu er nú gallerí.

*Umhverfisgildi:* Lágt.

*Upprunaleg gerð:* Líklega, en breytt notkun.

*Tæknilegt ástand:* Gott.

*Varðveislugildi:* 4.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er meðallagi.



## Hafnarsvæði - verbúð

<i>Byggingarár:</i>	1959	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	62,0 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft timburhús, byggt sem bílskúr árið 1959.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Líklega.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Sæmilegt.
<i>Varðveislugildi:</i>	2.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Hafnarsvæði - verbúð

<i>Byggingarár:</i>	1959	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð (ris)
<i>Notkun:</i>	Geymsla	<i>Stærð:</i>	60,6 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er einlyft timburhús, byggt sem bílskúr árið 1959.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Líklega.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Sæmilegt.
<i>Varðveislugildi:</i>	1.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



### Ægisgata 3

<i>Byggingarár:</i>	1981	<i>Hönnuður:</i>	Óþekktur
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Stálgrind	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteypa	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Fiskverkunarhús	<i>Stærð:</i>	541,0 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er stálgrindarhús sem byggt er 1981 sem fiskverkunarhús.

#### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt. Húsið er byggt sem fiskverkunarhús og nú er í húsinu harðfiskvinnsla.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Líklega.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Ægisgata 7

<i>Byggingarár:</i>	2010	<i>Hönnuður:</i>	Benedikt Björnsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Verbúð	<i>Stærð:</i>	103,6 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er byggt sem verbúð árið 2010.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.





## Ægisgata 9

<i>Byggingarár:</i>	2009	<i>Hönnuður:</i>	Benedikt Björnsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Verbúð	<i>Stærð:</i>	107,1 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er byggt sem verbúð árið 2009.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Ægisgata 11 (Slökkvistöð)

<i>Byggingarár:</i>	1994	<i>Hönnuður:</i>	Benedikt Björnsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Slökkvistöð	<i>Stærð:</i>	69,0 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið var byggt sem verbúð árið 1994 en hefur undanfarin ár verið nýtt sem slökkvistöð fyrir Hrísey.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Ægisgata 13

<i>Byggingarár:</i>	2000	<i>Hönnuður:</i>	Benedikt Björnsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Áhaldahús	<i>Stærð:</i>	107,4 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið var byggt sem verbúð árið 2000 en hefur undanfarin ár verið nýtt fyrir björgunarsveitina í Hrísey.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Ægisgata 15

<i>Byggingarár:</i>	2008	<i>Hönnuður:</i>	Benedikt Björnsson
<i>Aðal byggingarefni:</i>	Timbur	<i>Klæðning:</i>	Bárujárn
<i>Þakgerð:</i>	Mænisþak, kvistur	<i>Þakklæðning:</i>	Bárujárn
<i>Undirstöður:</i>	Steinsteyptar	<i>Útlit:</i>	1 hæð, ris
<i>Notkun:</i>	Verbúð	<i>Stærð:</i>	103,6 m <sup>2</sup>

*Byggingarsaga:* Húsið er byggt sem verbúð árið 2008.

### **Varðveislumat:**

<i>Byggingarlistarlegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Menningarsögulegt gildi:</i>	Lágt.
<i>Umhverfisgildi:</i>	Lágt.
<i>Upprunaleg gerð:</i>	Já.
<i>Tæknilegt ástand:</i>	Gott.
<i>Varðveislugildi:</i>	3.

**Niðurstaða varðveislumats:** Varðveislugildi hússins er lágt.



## Hríseyjarhöfn

*Byggingarár:* 1964 og síðar  
*Aðal byggingarefni:* Timbur, stálþil og steinsteypa  
*Notkun:* Höfn

*Byggingarsaga:* *Byrjað var að byggja Hríseyjarhöfn árið 1964 og hefur hún verið bætt mikið síðan, m.a. með byggingu varnargarða og smábátahafnar. Bryggjukantar eru 272 m, mesta dýpi við kant 5 m á 58 m kafla.*

### **Varðveislumat:**

*Byggingarlistarlegt gildi:* Lágt.  
*Menningarsögulegt gildi:* Meðal.  
*Umhverfisgildi:* Meðal.  
*Upprunaleg gerð:* Nei.  
*Tæknilegt ástand:* Gott.  
*Varðveislugildi:* 3.

**Niðurstaða varðveislumats:** *Varðveislugildi hafnarinnar er lágt.*

## 6 Heimildaskrá:

*Skipulagsdeild Akureyrarbæjar:*

Teikningasafn: Húsateikningar.

*Landupplýsingakerfi Akureyrar:*

Teikningasafn: Húsateikningar og skipulagsupprættir.

*Prentaðar heimildir:*

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

*Munnlegar heimildir:*

Viðtal við Lindu Maríu Ásgeirsdóttur skrifstofustjóra Akureyrarbæjar í Hrísey, 24.01.2017.